

## Fundargerð

Árið 2023, föstudaginn 28. apríl kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aron Gústavssyni, og Ragnari Ágústi Róbertssyni, sem ritaði fundargerð.

Gestir undir 9. lið voru Haraldur Líndal Haraldsson og Arnar Haraldsson, HLH ráðgjöf.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 30. mars 2023.

*Fundargerð frá 30. mars 2023 var samþykkt án athugasemda.*

### 2. Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

#### Staða mála

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs kynnti fyrir nefndinni hver staða mála var varðandi frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Frumvarpið var í yfirlestri í dómsmálaráðuneytinu og mun í kjölfarið verða lagt fram í ríkisstjórn. Í kjölfarið verður frumvarpið lagt fram á Alþingi.

### 3. Innheimtustofnun sveitarfélaga

#### Staða mála

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs kynnti fyrir nefndinni hver staða mála var varðandi frumvarp til laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Málið er til umfjöllunar hjá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og hefur meðal annars fengið kynningu þar hjá starfsmönnum ráðuneytisins.

#### 4. Sameiningar sveitarfélaga

##### Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi, dags. 25. apríl 2023, þar sem óskað var eftir framlagi vegna kostnaðar við undirbúning tillögu að sameiningu Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.

Búið er að skipa 6 fulltrúa í samstarfsnefnd samkvæmt 119. gr. sveitarstjórnarlaga og heitir verkefnið Vestfirðingar. Áætlað er að atkvæðisgreiðsla um tillöguna fari fram haustið 2023. Verði hún samþykkt er áætlað að kosið verði til sveitarstjórnar nýs sveitarfélags vorið 2024.

Gert er ráð fyrir að áætlaður kostnaður við að kanna kosti og galla sameiningarinnar og eiga samráð við íbúa verði tæpar 19,2 m.kr. sbr. meðfylgjandi kostnaðaráætlun. Samkvæmt vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 782/2020 getur undirbúningsframlag numið 17.375.000 kr.

*Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja framlag vegna kostnaðar við undirbúning að tillögu að sameiningu til verkefnisins Vestfirðingar að fjárhæð 17.375.000 kr.*

### YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

#### 5. Almenn Grunnskólaframlög

##### Kynning

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs hélt kynningu fyrir nefndina um almenn jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla. Þar komu fram ýmsar upplýsingar um tilgang framlaganna og reikniverk þeirra.

Í máli nefndarfólks kom fram að nauðsynlegt sé að endurskoða almennu grunnskólaframlögin svo einfalda megi reikniverkið og bæta gagnsæi. Þá lagði nefndarfólk áherslu á að fengin yrði utanaðkomandi aðili/endurskoðandi til að rýna reglulega útreikninga á framlögum sjóðsins.

### FRAMLÖG VEGNA YFIRFÆRSLU Á MÁLAFLOKKI FATLAÐS FÓLKS

#### 6. Greiðslu- og rekstraráætlun 2023

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2023 vegna yfirfærslu málefna fatlaðs fólks.

*Nefndin gerði ekki athugasemdir við áætlunina.*

## **7. NPA framlög**

### **Langtímaveikindi 2022**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 27. mars 2023, varðandi framlög vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks vegna NPA.

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 1250/2018 um notendastýrða persónlega aðstoð greiðir Jöfnunarsjóður á grundvelli umsókna framlög til að standa straum af viðbótarútgjöldum vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks. Þann 6. mars sl. var þjónustusvæðum sent bréf og óskað eftir umsóknum. Bergrisinn bs. og Reykjavíkurborg hafa sótt um framlag og skilað gögnum.

Alls er sótt um framlög að fjárhæð 5,26 m.kr.

Skv. 20. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega þjónustu er gert ráð fyrir að þjónustusvæði reikni 1% til viðbótar ofan á heildarsamningsfjárhæðina sem lagt er inn í Jöfnunarsjóð til að standa straum af kostnaði vegna langtímaveikinda. Kostnaðarþátttaka ríkisins er sú sama og NPA samningunum sjálfum eða 25%. Fjármagn til ráðstöfunar er því 8,4 m.kr

*Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framlag til Reykjavíkurborgar að fjárhæð 1.435.204 kr. og Bergrisans bs. að fjárhæð 3.822.824 kr.*

## **8. Fasteignasjóður**

### **Framlög vegna aðgengismála**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fyrirspurn frá Bergrisanum bs. varðandi framlög vegna aðgengismála 2021 og 2022.

Fyrirspurnin snýr að því hvort þjónustusvæðinu sé heimilt að sækja um framlag vegna aðgengismála vegna verkefna sem hafa þegar fengið úthlutað framlagi en sem hafi ekki numið 50% framlagi, vegna vinnureglna Bergrisans.

Bergrisinn bs. ákvað að skipta eyrnamerktu framlagi þjónustusvæðisins á milli sveitarfélaganna á grundvelli íbúafjölda. Þannig fengu verkefni sumra sveitarfélaga framlag sem nær ekki 50% af áætluðum kostnaði. Bergrisinn bs. nýtti ekki allt eyrnamerkt framlag sitt og standa 18,6 m.kr. eftir.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að hafna beiðni Bergrisans.*

## 9. Skálatún

### Drög að samkomulagi

Gestir fundarins, Arnar Haraldsson og Haraldur Líndal Haraldsson, kynntu drög að samkomulagi vegna Skálatúns fyrir nefndarfólki.

Samkomulagsdrögin segja að stofnuð verði ný sjálfseignarstofnun sem halda muni utan um rekstur og viðhald Skálatúns. Mosfellsbær muni taka yfir þjónustu við núverandi íbúa Skálatúns í Mosfellsbæ, og Mosfellsbær hafi afnot af núverandi húsnæði Skálatúns í þágu núverandi íbúa. Þá muni

Jöfnunarsjóður skuldbinda sig til þess að greiða Mosfellsbæ viðbótarframlag vegna þjónustunnar við íbúa Skálatúns. Samhliða undirritun samkomulagsins muni Jöfnunarsjóður greiða

Sjálfseignarstofnunni Skálatúni framlag sem stofnunin skuldbindur sig til ráðstöfunar til uppgjörs áfallinna, ógreiddra gjalda og skuldbindinga vegna starfsmanna.

Samhliða samkomulagi þessu verða gerð eftirfarandi samkomulög og viljayfirlýsingar:

- Samkomulag Mosfellsbæjar, Jöfnunarsjóðs og sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns, sem hefur að markmiði að Mosfellsbær yfirtaki þá þjónustu við íbúa Skálatúns, og við aðra þá sem nú njóta þjónustu á vegum sjálfseignarstofnunar Skálatúns.
- Samkomulag nýrrar sjálfseignarstofnunar og sjálfseignarstofnunar Skálatúns sem hefur það að markmiði að Skálatún, eignir og aðstaða sem Skálatún ses hefur komið upp verði nýtt í þágu barna og fjölskyldna.
- Yfirlýsing mennta- og barnamálaráðherra um stofnun styrktarsjóðs forvarnarverkefna í þágu barna í samstarfi við IOGT.
- Viljayfirlýsing/samkomulag FSRE, FJR, MRN, HRN og IRN um kortlagningu, frummat og eftir atvikum uppbyggingu Deiglu/miðstöðvar barna og fjölskyldna.

Að kynningu samkomulagsdraganna lokinni kom nefndarfólk athugasemdum sínum á framfæri við gesti fundarins.

*Nefndin lýsir yfir vilja til aðkomu að lausn málsins í samræmi við umræður á fundinum. Nefndin setur þó þann fyrirvara á að Jöfnunarsjóður muni ekki koma að málinu fyrr en Skálatún, Mosfellsbær og MRN hafa komist að samkomulagi sín á milli, og vísar í því sambandi til afgreiðslu málsins á fundi nefndarinnar 30. mars sl.*

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 12:48.

---

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Hrund Pétursdóttir

---

Dan Jens Brynjarsson

---

Hörður Hilmarsson

---

Friðjón Einarsson

---

Theódóra S. Þorsteinsdóttir